



Dreifibréf embættis landlæknis Nr. 1/2024 Tilkynning frá sóttvarnalækni

Reykjavík, 2. september 2024
2408180/0.5.2

Efni: Bólusetning gegn árlegri influensu

Inflúensubóluefni verður tilbúið til afhendingar frá dreifingaraðila 1. október nk.

Inflúensubóluefni veturinn 2024–2025 skv. samningum sóttvarnalæknis við Vistor er:

[Vaxigrip Tetra](#) - 90.000 skammtar skv. samningi við útboð 2019 og viðauka-samningum 2021.

Dreifingu bóluefnis í október verður forgangsraðað til heilbrigðisstofnana og hjúkrunarheimila en aðrir sem fá úthlutað bóluefni geta pantað frá **15. október**. Tilhögun verður kynnt almenningi.

Magn bóluefnis, sem aðilar sem sinna bólusetningum geta pantað, miðast við magn sem pantað eða notað var 2023–2024. Frá **1. desember** falla niður merkingar á bóluefni sem ekki hefur verið pantað.

Afhending er ókeypis frá seljanda til kaupenda hjá Distica hf., á höfuðborgarsvæðinu og á pósthús eða við-eigandi flutningamiðstöð til kaupenda utan fyrrgreinds svæðis. Allir sem panta bóluefni hjá Distica greiða fullt innkaupsverð bóluefnanna skv. samningum sóttvarnalæknis við Vistor og ræðst endanlegt verð af lyfjaverðskrárgengi septembermánaðar 2024. Aðilar sem óska eftir að **sækja** bóluefni til Distica geta fengið það afhent **22. október** eða síðar.

Sóttvarnalæknir mælist til að eftirtaldir áhættuhópar njóti forgangs við inflúensubólusetningar:

- Allir einstaklingar 60 ára og eldri.
- Börn fædd 2020 eða síðar sem náð hafa 6 mánaða aldri við bólusetningu.
- Öll börn og fullorðnir sem þjást af langvinnnum hjarta-, lungna-, nýrna- og lifrarsjúkdómum, sykursýki, offitu, illkynja sjúkdómum og öðrum ónæmisbælandi sjúkdómum.
- Barnshafandi.
- Heilbrigðisstarfsmenn sem annast einstaklinga í áhættuhópum sem taldir eru upp hér að ofan.
- Fólk í starfstengdri áhættu vegna samsmits árlegrar influensu og fuglainfluensu sbr. [frétt í okt. 2023](#)

Sóttvarnalæknir mælist til þess að ofangreindir forgangshópar fái bóluefnið sér að kostnaðarlausu en til að svo megi verða þarf einungis að krefja þessa einstaklinga um greiðslu fyrir umsýslukostnaði.

Sóttvarnalæknir endurgreiðir innkaupsverð bóluefnisins fyrir þessa forgangshópa (ekki umsýslukostnað) en þá þarf að senda reikning á [rafrænu formi](#) til embættis landlæknis **fyrir 1. júní 2025**.

Einnig þarf að senda rafrænt fylgiskjal á excel-formi samhliða reikningi til sóttvarnalæknis með upplýsingum um hina bólusettu: Kennitölu, dags. bólusetningar, nafni bóluefnis og áhættuhópi einstaklinga.

Nánari upplýsingar gefur Júlíana Héðinsdóttir í tölvupósti: juliana.hedinsdottir@landlaeknir.is

Sóttvarnalæknir